

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Sent á netfangið: [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 6. júní 2022

**Efni: Umsögn Arion banka, rekstraraðila séreignarsjóðsins Lífeyrisauka, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarkiðgjalds til lífeyrissjóðs (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.), 690 mál.**

Í frumvarpi til laga vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (hér eftir „frumvarpið“) eru lagðar til viðamiklar breytingar á lögum um lífeyrissjóði, sem jafnframt hafa áhrif á vörsluaðila séreignarsparnaðar. Arion banki er vörsluaðili fjölmennasta séreignarsjóðs landsins, Lífeyrisauka, með rúmlega 70 þúsund sjóðfélaga. Þegar ráðist er í jafn víðtækar breytingar og lagt er upp með í frumvarpinu er mikilvægt að vandað sé til verka, breytingar vel ígrundaðar og jafnframt að þær njóti víðtæks stuðnings. Valfrelsi sjóðfélaga er einn grundvöllur viðbótarlífeyrissparnaðar og mikilvægt að standa vörð um það frelsi.

Frumvarpið hefur tekið ýmsum jákvæðum breytingum síðan það var lagt fram á 151. þingi og í kjölfar þess að það var lagt fram í samráðsgátt í mars 2022. Í frumvarpinu koma þó fram ákvæði er varða ýmsar umdeildar breytingar á lífeyriskerfi landsmanna. Í þessari umsögn verður einkum horft til þeirra breytinga sem lagðar eru til er snerta á viðbótarlífeyrissparnaði.

### **Lögfesting tilgreindrar séreignar og sérstakra útborgunarreglna, sbr. 2., 3., 4. og 5. gr. frumvarpsins**

Lögfesting tilgreindrar séreignar skv. 2. gr. frumvarpsins felur í sér að tilgreind séreign telst hluti lágmarkstryggingaverndar en um hana gilda strangari fjárfestingarheimildir en um frjálsa séreign og viðbótarlífeyrissparnað. Slíkt myndi, að öðru óbreyttu, valda því að sjóðfélagar hafa ekki fullt valfrelsi þegar kemur að því að velja hvert þeir kjósa að greiða sparnað sinn. Leiða má líkum að því að breytingin muni fela í sér aukinn þjóðhagslegan sparnað sem muni koma fram í aukinni fjárfestingarþörf lífeyrissjóða sem eru nú þegar umsvifamiklir á innlendum markaði. Í ljósi þessa hlýtur það að vera ákjósanlegt að valfrelsi sjóðfélaga er kemur að vali á vörsluaðila sé ekki takmarkað með því að setja fjárfestingarheimildum þessa sparnaðar þrengri skorður en vörsluaðilum viðbótarlífeyrissparnaðar.

Með breytingunni er jafnframt vegið verulega að valfrelsi sjóðfélaga þegar kemur að útgreiðslum, með þrengri útgreiðslureglum fyrir tilgreinda séreign en gildir um viðbótarlífeyrissparnað og önnur séreignarréttindi sem myndast í lífeyrissjóðakerfinu.

Sjóðfélagar, sem hafa áunnið sér tilgreinda séreign, hafa á sama tíma áunnið sér réttindi í samtryggingu sem tryggir ævilangan lífeyri og öryggi um fastar greiðslur, en án sveigjanleika. Sá ósveigjanleiki undirstrikar einmitt mikilvægi þess að sjóðfélagar njóti sveigjanleika þegar kemur að greiðslum séreignar þeirra sem áunnist hefur samhliða.

Þá skýtur skökku við að lögfesta annars vegar það skilyrði að óski sjóðfélagi eftir því að greiða tilgreinda séreign til annars vörsluaðila en veitir sameignarhluta iðgjaldsins móttöku þá sé slíkt einungis heimilt ef sömu útgreiðslureglur gilda um útgreiðslu tilgreindrar séreignar sbr. 3.gr.a. En lögfesta svo samhliða útgreiðslureglur fyrir tilgreinda séreign og skilyrði um að henni sé haldið aðgreindri svo þær útgreiðslureglur haldi, sbr 5. gr.

Þá er jafnframt nauðsynlegt að benda á orðalag ákvæðisins í 5. gr. orðalag ákvæðisins má skilja sem svo að sjóðfélagi sem hefur útgreiðslu tilgreindrar séreignar fyrir 67 ára aldur geti ekki dreift greiðslum fram yfir 67 ára aldur. Hefji hann hins vegar greiðslur eftir 67 ára aldur getur hann dreift þeim að vild. Hvers vegna sjóðfélögum verður ekki heimilt að dreifa greiðslum á lengri tíma, hefji þeir greiðslur fyrir 67 ára aldur, hljóta að vera mistök við gerð frumvarpsins.

Þá er ljóst að frá sjónarhóli vörsluaðila séreignarsparnaðar fylgir þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu aukið flækjustig, verði frumvarpið samþykkt í óbreyttri mynd. Arion banki, og aðrir vörsluaðilar, standa að óbreyttu frammi fyrir að halda utan um allt að þrjár ólíkar tegundir séreignar, allt eftir uppruna og þar sem útgreiðslu- og skerðingarreglur verða ólíkar. Merking iðgjalds eftir uppruna yrði talsvert einfaldari í framkvæmd ef útgreiðslureglur eru hinar sömu, án þess að markmiðum frumvarpsins yrði síður náð.

Sá greinarmunur sem frumvarpið gerir á á tilgreindri séreign og séreign af viðbótargjaldi flækir lífeyriskerfið til muna og að óþörfu. Arion banki, sem og aðrir vörsluaðilar, hafa lagt sig fram um að fræða og auka áhuga sjóðfélaga á lífeyrissparnaði, m.a. með rafrænum lausnum, fræðslufundum og öðru fræðsluefni á vef. Það aukna flækjustig sem frumvarpið boðar er ekki til þess fallið að auka áhuga fólks á lífeyrismálum og hætt við að fjari undan árangri sem náðst hefur.

Að mati bankans væri mjög til bóta og einföldunar ef sjóðfélögum væri veitt frelsi til að ráðstafa 3,5% af lágmarksiðgjaldi í hefðbundinn viðbótarlífeyrissparnað, kjósi þeir svo. Slíki iðgjöld mætti aðgreina frá öðrum iðgjöldum sem mynda séreignarréttindi. Þá væri jafnframt náð fram einföldun á framkvæmd greiðslu séreignariðgjalda inn á lán hjá þeim sjóðfélögum sem munu nýta sér 3,5% lágmarksiðgjald til viðbótar við 6% viðbótariðgjald sbr. 9. gr. Með því mætti ná sama markmiði en án þess að auka flækjustig lífeyriskerfisins samhliða. Með þessari einföldun ættu sjóðfélagar auðveldara með að taka upplýstar ákvarðanir, auðveldara með að átta sig á uppbyggingu á sínum lífeyrissparnaði og gera áætlanir til framtíðar.

Lífeyrisauki var stofnaður árið 1999, eða sama ár og fyrirkomulag viðbótarlífeyrissparnaðar var lögfest. Mikil sátt hefur ríkt um það sparnaðarform, þann aukna sveigjanleika sem því hefur fylgt og samspil þess við samtryggingarsjóði verið farsælt. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu ógna þeirri sátt og draga úr sveigjanleika og valfrelsi sem öflun séreignar er ætlað að veita. Vissulega hafa verið unnar

ýmsar breytingar til batnaðar á frumvarpinu frá því það var fyrst lagt fram í samráðsgátt stjórnvalda en engu að síður stendur skert valfrelsi sjóðfélaga eftir. Af ofangreindu má vera ljóst að farsælast væri að bíða með breytingar sem lagðar eru til í umræddu frumvarpi þar til vinna stjórnvalda um Grænbók um lífeyriskerfið hefur farið fram. Slíkri vinnu er einmitt ætlað að vera farvegur fyrir vel undirbúnar umræður um lífeyriskerfi allra landsmanna og þar með grundvöllur að breytingum sem viðtæk sátt getur ríkt um.

Virðingarfyllst,



Snædís Ögn Flosadóttir  
Rekstrarstjóri Lífeyrisauka